



Hæð í setlagabunkanum við suðurpól Mars

ESP_032020_0955



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Setlagabunkinn við suðurpól Mars er þykkur ís- og rykstafli sem myndast hefur á mörgum milljónum ára. Setmyndunarhraðinn breytist með tímanum og stundum verður rof í staflanum á sumum stöðum. Hér sést lítill stapi eða hæðahringur við brún setlagabunkans. Líklega var hér eitt sinn árekstragígur. Gígbotninn veitti viðnám og var skilinn eftir þegar rof hélt áfram á restinni af yfirborðinu. Myndir á borð við þessa geta sýnt okkur hvar rof á sér stað í setlögnum og hversu mikill ís og hve mikið ryk hefur glatast. Það hjálpar okkur aftur að skilja söguna sem skráð er í lögjin.